

Nd.

783. Breytingartillögur

[240. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Vilborgu Harðardóttur.

1. Við 6. gr. Aftan við greinina komi svo hljóðandi viðbótargrein:
 - 6.3. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.
2. 8. gr. orðist svo:
 - 8.1. Héraðslæknir og héraðshjúkrunarfræðingur eru sérstakir ráðunautar heilbrigðismálaráðs um það sem viðkemur heilbrigðismálum héraðsins.
 - 8.2. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf að fengnum tillögum landlæknis.
 - 8.3. Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum Hjúkrunarfélags Íslands.
3. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:
 - 10.2. Um laun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, sem jafnframt eru héraðshjúkrunarfræðingar, fer eftir launasamningi fjármálaráðherra og Hjúkrunarfélags Íslands á hverjum tíma.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Niður falli síðasta setning 3. liðar: „Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarfræðinga til lækna utan heilsugæslustöðva.“